



Úttekt

# Ytri úttekt á lambakjötsmati

24.-28. september 2012

*Eyþór Einarsson, ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
og Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri kjötmats hjá Matvælastofnun*



## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Framkvæmd úttekta.....	2
3. Niðurstöður og umræður.....	3
4. Um samræmið.....	4
5. Samræmi við viðmiðunarmat.....	4
6. Samræmi milli íslensku yfirmatsmannanna.....	6
7. Samræmi úttektarmanna.....	7
8. Samantekt og ályktanir.....	8



## 1. Inngangur

Víkuna 24.-28.9. 2012 fór fram úttekt á kjötmati lamba í 6 sláturhúsum með þátttöku tveggja erlendra yfirkjötsmatsmanna, auk Stefáns Vilhjálmssonar og Páls Hjálmarssonar frá Matvælastofnun. Eypór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur, Leiðbeiningarmiðstöðinni, Sauðárkróki, var starfsmaður við verkefnið.

Að því komu sömu úttektarmenn og unnu hliðstæða úttekt haustið 2011, yfirkjötsmatsmenn frá Noregi og Englandi: **Halvor Mikalsen**, Klassifiseringskonsulent, Animalia, Oslo og **Steve Brammall**, SEO Inspector/Manager, Livestock & Meat Technical Inspectorate Branch D, Rural Payments Agency, Bradley Stoke, Bristol.

## 2. Framkvæmd úttekta

Úttekt var gerð í sex sláturhúsum: Fjallalambi á Kópaskeri, Norðlenska á Húsavík, KS á Sauðárkróki, SAH afurðir á Blönduósi, SKVH á Hvammstanga og SS á Selfossi vinnuvíkuna 24.9.-28.9. 2012. Í hverju húsi voru teknir út 100 skrokkar.

Eypór og starfsmaður sláturleyfishafa á hverjum stað völdu skrokka til úttektar af sláturlínu og úr kjötsal og komu þeim fyrir. Reynt var að fá sem mesta breidd í úrtakið hvað varðar holdfyllingu og fitu. Hlutfall í bestu holdfyllingarflokkum, U og E, var yfirleitt hátt en ekki var völ á P-skrokkum í öllum húsunum.

Skrokkamiðar voru fjarlægðir skipulega svo að hægt væri að setja þá aftur á að úttekt lokinni. Skrokkannr. og húsmat var skráð. Úttektarskrokkar fengu raðnúmer.

Matsmennirnir fjórir (Halvor, Steve, Stefán og Páll) mátu úrtakið hver í sínu lagi og án nokkurs samráðs sín í milli. *Metið var í alla undirflokkum samkvæmt 15-flokka EUROP-mati (t.d. R-, R, R+ í holdfyllingu og 3-, 3 og 3+ í fitu) þótt niðurstöður væru síðar dregnar saman og kynntar í þeim flokkum sem notaðir eru hérlendis (E, U, R, O og P í holdfyllingu og 1, 2, 3, 3+, 4 og 5 í fitu).*

Erlendu úttektarmennirnir mátu fitu sjónrænt en Stefán og Páll fitumældu skrokkana eftir því sem þeir töldu þörf á en fitumál voru ekki skráð.

Matsmenn skráðu niðurstöður sínar á rafrænu formi í handtölvur sem Animalia lánaði til verkefnisins. Niðurstöðunum var síðan hlaðið niður á Netinu og eru þar aðgengilegar í excel-umhverfi í forriti sem sýnir niðurstöður hvers og eins og býður uppá margvíslegan samanburð milli manna og aðra úrvinnslu. Meðalmat erlendu úttektarmannanna, reiknað út frá tölugildi flokka (1-15) í 15 flokka kerfi, var sett sem viðmið (þ.e. "key" eða "rétt mat") og frávik íslensku matsmannanna skráð frá því.

Yfirmatsmennirnir fóru yfir flesta þá skrokka sem þeir voru ekki sammála um í hverri úttekt og ræddu matið.

Kjötsmatsmenn húsanna fengu sínar niðurstöður í hendur og gafst tækifæri til að skoða úttektarskrokkana. Frávik voru skýrð og rædd. Fræðsla var því hluti af úttektarferlinu.

### 3. Niðurstöður og umræður

Við túlkun niðurstaðna á holdfyllingarmati þarf að taka tillit til þess að hinir erlendu úttektarmenn framkvæma matið ekki með sama hætti og gert er hérlendis. Þeir leggja að jöfnu frampart, hrygg og læri. Hér á landi hefur tíðkast að skrokkurinn hlýtur yfirleitt ekki hærra mat heldur en sá flokkur sem lærin falla í. Í þessari úttekt tóku Stefán og Páll nokkurt tillit til sjónarmiða erlendu matsmannanna. Niðurstöðurnar sýna hvar mat afurðastöðvanna liggur miðað við viðmiðunarmatið og ættu því að gefa ágæta hugmynd um samræmi milli húsa.

Íslensku kjötmatsmennirnir virðast almennt beita meiri teygni í notkun dómskalans við holdfyllingarmat heldur en erlendu úttektarmennirnir. Ef til vill er það afleiðing þess að hér er einungis metið í 5 holdfyllingarflokkum, meðan erlendu matsmennirnir beita 15 flokkum mati. Jákvætt er að teygni sé fyrir hendi, þ.e. allur skalinn notaður, en engu að síður þarf að vera innistæða fyrir því. Bæði í úttektunum 2011 og 2012 kemur fram að úttektaraðilarnir viðurkenna íslenska skrokka í alla aðalholdfyllingarflokkum EUROP kjötmatskerfisins. Tafla 1 sýnir hvernig heildar dreifing skrokka var í holdfyllingarflokkanna og meðaleinkunn fyrir holdfyllingu. Meðalgildi holdfyllingar er vel sambærilegt, frá 8,89 til 9,10.

Tafla 1 Holdfyllingarmat 600 skrokka.

	% P	% O	% R	% U	% E	Meðalgildi
<b>Viðmið</b>	0,8	8,0	50,8	37,3	3,0	<b>9,00</b>
<b>Húsmat</b>	2,2	13,5	39,5	35,7	9,2	<b>9,09</b>
<b>Stefán V.</b>	1,7	10,7	49,0	34,0	4,7	<b>8,89</b>
<b>Páll Hj.</b>	1,3	6,7	48,5	41,0	2,5	<b>9,10</b>

Íslensku matsmennirnir, nema Páll, teygja yfirleitt meira á skalanum, setja meira í P og O og einnig í E heldur en erlendu úttektarmennirnir.

Erlendu matsmennirnir voru stífir á kröfum í E-flokk og lögðu áherslu á að allir skrokkhlutar, læri, hryggur og frampartur, væru sérlega vel gerðir. Yfirleitt fannst þeim skorta á holdfyllingu í hrygg og/eða frampart þeirra skrokka sem þeir mátu í U+ eða U en höfðu fengið húsmat E og sumir þeirra E- hjá íslensku yfirmatsmönnum.

Oftast mátu matsmenn húsa fleiri skrokka í O en úttektarmennirnir. Stundum átti það einnig við um Stefán. Þetta voru einkum skrokkar þar sem lærin voru síst skrokkhlutanna.

Í úttektinni 2011 var þessu öfugt farið og lagt var upp með það haustið 2012 að herða nokkuð á kröfum í holdfyllingarflokk R. Tafla 2 sýnir meðaleinkunn fyrir holdfyllingarmat á hverju sláturhúsi fyrir yfirkjötmatsmennina Stefán og Pál, húsmatið og viðmiðunarmat erlendu úttektarmannanna. Frávik í meðalgildi holdfyllingar í húsmati er frá -0,18 til + 0,39

Tafla 2 Meðalgildi holdfyllingar eftir sláturhúsum.

	Stefán	Páll	Húsmat	Viðmið	Mismunur		
					Húsmat	Stefán	Páll
<b>Norðenska, Húsavík</b>	8,54	8,60	8,87	8,63	0,24	-0,09	-0,03
<b>Fjallalamb, Kópaskeri</b>	8,87	9,14	9,47	9,08	0,39	-0,21	0,06
<b>KS, Sauðárkróki</b>	8,81	8,96	8,93	8,81	0,12	0,00	0,15
<b>SAH, Blönduósi</b>	9,29	9,26	9,08	9,17	-0,09	0,12	0,09
<b>SKVH, Hvammstanga</b>	9,47	9,89	9,77	9,95	-0,18	-0,48	-0,06
<b>SS, Selfossi</b>	8,30	8,75	8,39	8,42	-0,03	-0,12	0,33

Við skoðun á niðurstöðum fitumats þarf að hafa í huga að íslensku kjötmatsmennirnir styðjast mest við mælingu á síðuþykkt (GR-mál) en úttektarmennirnir nota eingöngu sjónmat. Mismunandi niðurstöður geta komið fram sökum mismunandi fitudreifingar á skrokkunum. Þá eru mælingar íslensku yfirkjötmatsmannanna í mörgum tilfellum gerðar á köldum skrokkum sem gerir það að verkum að fitan mælist heldur meiri en á heitum skrokkum og veldur það ákveðnu misræmi miðað við mælingu húsmatsmanna. Tafla 3 sýnir hvernig úttektarskrokkarnir skiptast hlutfallslega í fituflokka eftir matsaðilum og meðaleinkunn hvers matsaðila fyrir fitu.

Tafla 3 Fitumat 600 skrokka.

	% 1	% 2	% 3	% 3+	% 4	% 5	Meðalgildi
Viðmið	0,67	33,17	47,50	11,00	7,50	0,00	7,29
Húsmat	6,50	38,33	35,83	14,17	4,83	0,33	6,77
Stefán V.	2,33	37,33	36,50	16,67	6,50	0,67	7,14
Páll Hj.	1,67	36,17	36,83	18,17	7,00	0,17	7,22

Tafla 4 sýnir einkunn fyrir fitu hjá hverjum matsmanni í hverju sláturhúsi og mismun milli matsmanna og viðmiðunarmatsins.

Tafla 4 Meðalgildi fitueinkunnar eftir sláturhúsum.

	Stefán	Páll	Húsmat	Viðmið	Mismunur		
					Húsmat	Stefán	Páll
Norðlenska, Húsavík	6,49	6,22	5,81	6,66	-0,85	-0,17	-0,44
Fjallalamb, Kópaskeri	7,38	7,64	7,48	7,51	-0,03	-0,13	0,13
KS, Sauðárkróki	7,69	7,75	6,59	7,52	-0,93	0,17	0,23
SAH, Blönduósi	7,68	7,73	7,08	7,69	-0,61	-0,01	0,04
SKVH, Hvammstanga	7,55	7,58	7,05	7,45	-0,40	0,10	0,13
SS, Selfossi	6,06	6,38	6,59	6,94	-0,35	-0,88	-0,56

#### 4. Um samræmið

Í úttektum í sláturhúsum hér eru leyfileg frávik 20% alls í hvoru fyrir sig, holdfyllingu og fitu, (80% sammála) og hliðrun til of- eða vanmats 10%, þ.e. nettó frávik. Í úttekt sem þessari þar sem engar umræður eru um markaskrokka er eðlilegt að frávik verði heldur meiri en í hefðbundinni úttekt þar sem ekki er alltaf gefið frávik fyrir markaskrokka sem geta fallið hvoru megin sem er við línuna.

#### 5. Samræmi við viðmiðunarmat

Tafla 5 sýnir samræmi íslensku yfirkjötmatsmannanna og húsmatsins við viðmiðunarmatið.

Samræmið í holdfyllingarmati milli viðmiðunarmats og íslensku yfirkjötmatsmannanna má telja nokkuð gott í flestum tilfellum, en Stefán er í 82% tilfella sammála viðmiðunarmatinu og Páll í 85% tilfella. Hjá SKVH Hvammstanga var Stefán umtalsvert strangari í matinu (hliðrun -16). Lakara er samræmið þegar kemur að fitumati og nær það að jafnaði ekki 80% samræmi. Þar hefur mismunandi aðferðafræði áhrif, þ.e. annars vegar sjónmat og hins vegar fitumæling, studd sjónmati.

Tafla 5. Samanburður við viðmiðunarmat eftir skrokkum í %

<b>Norðenska Húsavík</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	87	-3	65	-5
Páll	86	10	68	-8
Húsmat	70	8	57	-37

<b>Fjallalamb, Kópaskeri</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	86	-10	68	-4
Páll	86	0	72	6
Húsmat	66	10	70	0

<b>KS Sauðárkróki</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	84	0	68	10
Páll	83	5	66	12
Húsmat	70	4	56	-34

<b>SAH Blönduósi</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	78	4	65	5
Páll	89	3	73	9
Húsmat	65	-3	58	-18

<b>SKVH Hvammstanga</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	74	-16	58	10
Páll	80	-2	63	9
Húsmat	69	-5	51	-3

<b>SS Selfossi</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	81	-5	61	-33
Páll	83	11	57	-19
Húsmat	71	-1	55	-13

<b>Heildarniðurstöður (600 skrokkar)</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Stefán	82	-6	64	-3
Páll	85	5	67	2
Húsmat	69	2	59	-17

Húsmatið sýnir 65-71% samræmi í holdfyllingu, í heild 69% og hliðrun er innan marka en nokkur munur þar milli húsa. Það er því ljóst að húsmatið nær ekki þessum viðmiðunarmörkum (80% samræmi) samanborið við niðurstöður úttektarmanna. Fyrir holdfyllingu skýrist það trúlega að einhverju leyti af því að matið er ekki fullkomlega samanburðarhæft, líkt og útskýrt var hér að ofan. Minnst samræmi í holdfyllingarmati er milli húsmats hjá SAH Afurðum Blönduósi (65%) og Fjallalambi (66%) samanborið við mat úttektarmannanna. Hjá SAH skýrist það af hærra hlutfalli bæði í E og O, hjá Fjallalambi af hærra hlutfalli í U og O. Einnig er mest hliðrun í matinu hjá Fjallalambi eða +10% sem telst þó vera innan viðmiðunarmarka. Hliðrun hjá SAH Afurðum er mun minni. Þá er hliðrun á matinu hjá Norðlenska um +8% sem skýrist einkum af hærra hlutfalli E skrokka hjá húsmati en viðmiðunarmati. Önnur hús sýna rétt um 70 samræmi og hliðrun á bilinu -5% til +4. Gefur þetta til kynna að ákveðið ósamræmi sé milli sláturhúsanna í holdfyllingarmatinu, þótt innan marka sé, og þarf að leggja áherslu á að bæta það í komandi sláturtíð.

Samræmi í fitumati er mun minna eða á bilinu 56% til 70% og að meðaltali 59% í húsmatinu. Hliðrun er -17% og meta því íslensku matsmennirnir skrokkanu almennt magrari heldur en úttektarmennirnir, setja meira í fituflokka 1, 2 og 3+, minna í 3 og 4. Fitumatið hjá Fjallalambi er mest í takt við úttektarmennina. Munurinn hér skýrist væntanlega að stórum hluta af því að hér er verið að bera saman sjónmat og mælingu á heitum skrokkum. Það er vissulega umhugsunarefmi hvort matið er raunhæfara.

Slík hliðrun í fitumati kom ekki fram við reglubundið eftirlit með kjötmatinu í sláturtíðinni.

Í úttektinni sem gerð var haustið 2011 var húsmatið í holdfyllingu með 53-80% samræmi við viðmið, meðaltal 73%. Samsvarandi tölur fyrir fitu voru 57-73%, meðaltal 61%.

## 6. Samræmi milli íslensku yfirmatsmannanna

Samræmið milli Stefáns og Páls í holdfyllingarmati er 80% sem er vel viðunandi og ekki ósvipað því sem kemur fram milli erlendu matsmannanna, en samræmi milli þeirra var 82%. Páll er með hliðrun +8% miðað við Stefán. Stefán og Páll eru sammála í fitumati á 68% skrokka, hliðrun 0. Húsmatið var í heild sammála Stefáni í holdfyllingarmati á 74% skrokkanna, hliðrun +7, en í fitumati sammála á 62% skrokka, hliðrun -16.

Aðeins húsið á Selfossi nær 80% samræmi í holdfyllingu þegar niðurstöður húsmatsins eru bornar saman við niðurstöður Stefáns. Við reglubundið eftirlit í sláturtíðinni voru skráð frávik mun færri í öllum sláturhúsunum.

Samræmið í fitumatinu er lakara en í holdfyllingunni. Íslensku yfirkjötmatsmennirnir ná ekki 70% samræmi miðað við úttektarmennina. Það skýrist trúlega líkt og áður af mismunandi vinnubrögðum. Hinsvegar kemur á óvart að samræmi milli yfirkjötmatsmanna er ekki hærra en raun ber vitni eða 68% milli Stefáns og Páls og 73% milli erlendu aðilanna. Hinsvegar er ekki um að ræða hliðrun í matinu þegar Stefán og Páll eru bornir saman en misræmið liggur í því að matið hjá Páli er miðlægara. Samanburður Páls og húsmatsins við Stefán er að finna í töflu 6.

Gerð var úttekt á samræmi íslenskra yfirkjötmatsmanna árið 2007 þar sem fram kom að samræmi milli þriggja kjötmatsmanna var að meðaltali 84% í holdfyllingarmati og 80% í fitumati. Í þeirri úttekt voru langflestir skrokkar teknir beint af sláturlínu og yfirmatsmennirnir fitumældu þá sem fyrst eftir að þeir komu í kjötsal.

Tafla 6 Samanburður við Stefán eftir skrokkum í %

<b>Norðlenska Húsavík</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	82	6	60	-28
Húsmat	73	11	56	-24

  

<b>Fjallalamb, Kópaskeri</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	83	9	66	10
Húsmat	63	19	70	2

  

<b>KS Sauðárkróki</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	85	5	73	3
Húsmat	75	5	51	-47

  

<b>SAH Blönduósi</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	77	0	65	5
Húsmat	73	-9	63	-27

  

<b>SKVH Hvammstanga</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	72	14	72	-1
Húsmat	78	10	62	-18

  

<b>SS Selfossi</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	81	15	69	13
Húsmat	81	5	67	19

  

<b>Heildarniðurstöður (600 skrokkar)</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Páll	80	8	68	0
Húsmat	74	7	62	-16

## 7. Samræmi úttektarmanna

Samræmið milli erlendu úttektarmannanna í holdfyllingu í þeim flokkum sem notaðir eru hérlendis var 82,3%, hliðrun 4%. Frávikaskrokkar (17,7% af heild) skiptust þannig að frávik um 1 undirflokk voru 14,2% af heild, frávik um 2 undirflokka voru 3,5% af heild.

Úttektarmennirnir voru sammála um 73% skrokka í fitumati samkvæmt þeim flokkum sem hér eru notaðir, hliðrun 8%. Samræmið milli erlendu úttektarmannanna er sýnt í töflu 7.



Í úttektinni 2011 var samræmi þeirra nokkru betra, 87% í heild í holdfyllingu og í fitumati 84%.

Tafla 7 Samanburður úttektarmanna eftir skrokkum í % skv. flokkum sem eru notaðir á Íslandi (Holdfylling: E U R O P, fita 1 2 3 3+ 4 5)

<b>Norðenska Húsavík</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>85</b>	<b>5</b>	<b>71</b>	<b>25</b>

  

<b>Fjallalamb, Kópaskeri</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>80</b>	<b>-12</b>	<b>74</b>	<b>0</b>

  

<b>KS Sauðárkróki</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>89</b>	<b>-5</b>	<b>65</b>	<b>-27</b>

  

<b>SAH Blönduósi</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>80</b>	<b>16</b>	<b>79</b>	<b>15</b>

  

<b>SKVH Hvammstanga</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>82</b>	<b>2</b>	<b>75</b>	<b>17</b>

  

<b>SS Selfossi</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>78</b>	<b>18</b>	<b>71</b>	<b>25</b>

  

<b>Heildarniðurstöður (600 skrokkar)</b>				
	<b>Holdfylling</b>		<b>Fita</b>	
	Sammála	Hliðrun	Sammála	Hliðrun
Úttektarmenn	<b>82</b>	<b>4</b>	<b>73</b>	<b>8</b>

## 8. Samantekt og ályktanir

Niðurstöður gefa til kynna ákveðið ósamræmi milli sláturhúsa í holdfyllingarmati þar sem húsmatið er ýmist hærra eða lægra en viðmiðunarmatið. Hliðrun var þó alltaf innan viðmiðunarmarka (10%).

Samræmi í holdfyllingarmati milli húsmats og viðmiðunarmats var í öllum sláturhúsum undir viðmiðunarmörkum (minna en 80%).

Íslensku kjötmatsmennirnir virðast almennt beita meiri teygni í notkun skalans við holdfyllingarmat heldur en erlendu úttektarmennirnir.

Ágætt samræmi var milli íslensku yfirkjötsmannanna og úttektarmannanna í holdfyllingarmatinu eða að jafnaði nokkuð yfir 80%. Einnig var viðunandi samræmi milli íslensku yfirkjötsmannanna og var það mjög svipað því sem reyndist vera milli erlendu úttektarmannanna.

Samræmi í fitumati er almennt mun lakara en í holdfyllingarmati og hliðrun þó nokkuð yfir viðmiðunarmörkum en húsmatið metur skrokkana yfirleitt magrari heldur en úttektarmennirnir.

Samræmi milli íslensku yfirmatsmannanna í fitumati er undir 80% viðmiðunarmörkum en hliðrun 0.

Þá er ljóst að hinir erlendu kjötmatismenn framkvæma EUROP matið ekki með sama hætti og tíðkast hér á landi. Þeir gefa skrokkhlutunum þremur, læri, hrygg og framparti sama vægi en framparturinn hefur hér haft minna vægi. Þá meta þeir fituna sjónrænt en byggja ekki á mælingu á síðu líkt og hér er gert. Nauðsynlegt er að taka umræðu um og afstöðu til þess hvort breyta eigi íslenska holdfyllingarmatinu til samræmis. Niðurstöðuna þarf að kynna vel fyrir kjötmatsmönnum á námskeiði í undirbúningi sláturtíðar á komandi hausti. Þeirri kynningu þarf að fylgja vel eftir í eftirlitsheimsóknum til þess að bæta samræmi milli sláturhúsa bæði í holdfyllingar- og fitumati.